

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðunetið

B.t. Guðlaugs Þór Þórðarsonar ráðherra

Skuggasundi 1, 101 Reykjavík

Selfossi 1. Júlí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er að skoða framkvæmd laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sérstaklega framkvæmdina er varðar XI kafla laganna um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera. Þar virðist vera pottur brotinn.

Í 63. gr. laganna kemur skýrt fram í 1. mgr. að óheimilt sé að flytja inn **eða dreifa** lifandi framandi tegundum nema með leyfi og að með umsókn um slíkt leyfi skuli m.a. fylgja “áhættumat”. Í 2. mgr. er undanþága sem nær til tegunda sem þá voru notaðar hér á landi, m.a. í landgræðslu og skógrækt. Þessi undanþága er þó bundin við „innflutning“ tegundanna, **en nær ekki til dreifingarinnar**, sbr. orðalag greinarinnar. Dreifing margra tegunda virðist þó vera í fullum gangi án leyfa, sbr. t.d. alaskalúpínu.

Komi fram beiðni um undanþágur skal Umhverfisstofnun leita umsagnar sérfræðinganevndar um þessi málefni sem kveðið er á um í XI kafla laganna.

Í greininni segir að ráðherra setji reglugerð sem feli m.a. í sér nánari fyrirmæli um innflutning og dreifingu framandi lífvera og um störf sérfræðinganevndarinnar. **Reglugerð var sett á grundvelli eldri laga árið 2000. Við hana hefur verið bætt í þriggja, en hefur eitthvað gerst varðandi reglugerðina eftir að nýju náttúruverndarlögin tóku gildi í nóvember 2015?**

Þar segir líka að ráðherra geti að tillögum sérfræðinganevndarinnar ákveðið í reglugerð að banna innflutning **eða dreifingu tiltekinna framandi tegunda** og skal hann birta skrár yfir þær. Unnið var að slíkum skráum fyrir mörgum árum og þeim bætt við reglugerðina sem viðaukum en hafa þær verið endurskoðaðar og uppfærðar eftir að nýju náttúruverndarlögin tóku gildi í nóvember 2015? Hefur sérfræðinganevndin haft eitthvert frumkvæði að slíkri vinnu síðastliðin ár, sbr. lagaskyldu hennar að mati okkar (VÍN)? Rétt þykir þess vegna að spyrja hver sé frumkvæðisskylda sérfræðinganevndarinnar að mati ráðuneytisins um tillögur til ráðherra um framandi tegundir sem banna þyrfti innflutning á eða dreifingu þeirra, sem ráðherra tæki til meðferðar? Þarf sérfræðinganevndin að bíða eftir óskum frá ráðherra um slíka vinnu eða hefur nefndin frumkvæðisskyldu skv. lögunum?

Samkvæmt 67. gr. laganna getur Umhverfisstofnun gripið til aðgerða ef framandi lífverur ógna líffræðilegri fjölbreytni. Hún getur komið böndum á eða upprætt slíkar lífverur að fenginni umsögn sérfræðinganevndarinnar. Hefur reynt á þetta ákvæði?

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið **óskar VÍN eftir að fá afrit af fundargerðum allra funda sérfræðinganevndarinnar frá því að lögin (nr. 60/2023) tóku gildi í nóvember 2015**. Nægir að fá þau á rafrænu formi. Jafnframt er óskað eftir svörum við þeim mörgu spurningum sem hér hafa verið settar fram og varða framkvæmd laganna.

F.h. Vina íslenskrar náttúru (VÍN)

Jón Gunnar Ottósson

Jón Gunnar Ottósson, starfandi formaður stjórnar